

## MÁLEFNI

### Umhverfis- og loftslagsmál

1)

#### **Katrín Súsanna Björnsdóttir**

Framsöguerindi (3 mín.)

Forseti.

Þegar kemur að verkum mannsins hefur jörðin orðið fyrir miklum harmleik. Við höfum gengið um hana af óvirðingu og höfum misnotað plánetuna að því marki að hún þolir varla meira. Skemmdarverk mannsins hafa ekki aðeins haft áhrif á jörðina, heldur allt það sem á henni býr. Allt dýralíf, bæði á landi, í lofti og í sjó, hefur þurft að borga fyrir það sem við höfum gert. Heilu dýrategundirnar eru annað hvort í útrýmingarhættu eða hefur með öllu verið útrýmt, sem og að ástand plöntulífs fer æ versnandi. Það er löngu kominn tími til að taka til hendi og vernda náttúruna frá frekari skaða.

Það er enginn vafi á að loftslagsbreytingar hafa gert vart við sig undanfarna áratugi, samt höfum við ekki staðið okkur í að sporna við hættunni. Jarðarbúar hafa hleypt svo gríðarlegu magni koltvíoxíðs út í andrúmsloftið að meðalfirborðshitastig jarðar hefur hækkað um 0,9°C síðan seint á 19. öld. Slík hækkun er hættulega há sem leiðir af sér enn hættulegri afleiðingar. Árið 2016 var talið að á Grænlandi hefðu bráðnað um 286 milljarðar tonna af ís á hverju einasta ári frá 1993 og á suðurskautinu um 127 milljarðar tonna á sama tímabili. Sjávarborð hefur hækkað um 20 cm frá síðustu öld og fer hækkandi. Það er löngu kominn tími til að gera eitthvað í málinu og stöðva það sem er að gerast áður en allt hrynur í kringum okkur.

Eitt af því sem veldur þessum loftslagsbreytingum og er jafnframt eitt af alvarlegustu vandamálunum sem mannkynið glímir við er mengun. Eins og orðin gefa til kynna eru þetta gríðarlega aðkallandi vandamál sem brýnt er að leysa. Mengun getur komið frá bensínbílum, matarframleiðslu og öllu mögulegu þar á milli. Og því miður er það þannig að neysla mannkynsins er stærsti og alvarlegasti þátturinn í því hvað mengunin er orðin mikil og alvarleg. Mengunin er ekki aðeins slæm fyrir jörðina, heldur okkur líka. Mengun eyðileggur gróður sem þýðir minna fæði fyrir bæði villt dýr og landbúnað. Einnig getur mengun, þá

sérstaklega loftmengun, verið hættuleg heilsu bæði manna og dýra og getur verið uppspretta alls kyns sjúkdóma. Og mengun er einn af þeim þáttum sem valda loftlagshlýnun.

Sá hópur ungmenna hér á þingfundinum sem hefur verið að ræða umhverfis- og loftslagsmál í aðdraganda fundarins hefur verið ófeiminn við að koma fram með hugmyndir um hvað hægt væri að bæta og verður farið nánar út í það hér í dag. Við höfum lagt mikið á okkur undanfarna daga við að þróa ný og hentug kerfi hvað varðar flokkun og almenningssamgöngur. Einnig höfum við komið með margar sniðugar hugmyndir sem almenningur getur aðstoðað okkur við að framkvæma til að bæta lífsskilyrði okkar án þess að gefa frá okkur þau lífsgæði sem landið okkar og jörðin í heild hefur að bjóða. Þessar hugmyndir varða m.a. friðun býflugna, notkun pálmaolíu, vistvænni innflutning, endurheimt votlendis og margt annað sniðugt sem er nauðsynlegt að koma á framfæri.

Við erum að upplifa breytt veðurfar og breytt lífríki hér á okkar fallega Íslandi og þó að það sé dásamlegt að hafa sólardaga viku eftir viku og hitastig sem hæfir sólarströndum Mið-Evrópu þá er þetta á engan hátt eðlilegt veðurfar á þessari litlu eyju okkar og minnir okkur á að breytingar eru hafnar. Breytingar sem til lengri tíma litið eiga eftir að koma okkur alvarlega í koll. Ef við gerum ekkert og höfumst ekki að núna þá gæti það orðið of seint. Því segjum við: Það er nú eða aldrei!

2)

**Þór Ástþórsson**

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Mig langar að tala við ykkur í dag um endurheimt votlendis.

Framræst land er langstærsti þáttur losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, allt að 72% samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið undanfarin ár, en samkvæmt heimasíðu Andríkis er næstmesta losun 12% sem er vegna iðnaðar og efnanotkunar.

Af einhverjum ástæðum hefur ekki nægilega mikið verið talað um þennan stærsta þátt losunar gróðurhúsalofttegunda. Við teljum að landeigendur hér á landi hafi vilja til þess að fylla upp í þá skurði sem ekki eru lengur í notkun en einungis um 20% eru nýtt. Þá vantar einungis vilja Alþingis til þess að ljúka því verki sem byrjað var á á fyrri hluta síðustu aldar. Að fylla upp í skurði og endurheimta þar með votlendið er einstakt tækifæri til þess að bæta stöðu okkar í loftslagsmálum.

Kannski er þetta eðlilegt ferli, fyrst voru skurðirnir grafnir, svo voru þeir nýttir og nú hafa þeir þjónað tilgangi sínum svo hægt er að fylla upp í þá.

Vandamálið er að fólk fær jörðina frá fyrri kynslóðum og skilar henni í verra ástandi en hún var í. Það er vitlaust. Þetta er eins og ef þú færð erfðagrip fjölskyldunnar viltu að hugsað verði vel um hann vegna þess að hann hefur gengið í erfðir í margar kynslóðir, í miklu lengri tíma en þú hefur lífað. Þú færð gripinn, hugar að honum, ferð vel með hann og réttir næsta.

Skilum landinu í betra standi en við fengum það.

3)

**Ísak Leon Júlíusson**

Andsvar (80-90 sek.)

Forseti.

Aðeins framræst land og iðnaður losar meiri gróðurhúsalofttegundir en samgöngur.

Við Íslendingar eigum met í bílaeign enda eru fleiri bílar á landinu heldur en fólk.

Mikilvægt er að fækka fólksbílum á vegum þar sem flestir bílar eru knúnir af óendurnýjanlegum orkugjöfum og menga þannig andrúmsloft okkar landsmanna. Við viljum fækka bílum á vegum og einnig takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Aðalspurningin er: Hvernig er hægt að gera það?

Almenningssamgöngur eru lausnin. Það sem getur komið í veg fyrir kaup á enn fleiri bílum er í fyrsta lagi að við þurfum ekki á þeim að halda. Hugsuð ykkur hversu margir bílar gætu verið

teknir af vegum ef strætó yrði gerður gjaldfrjáls, leiðum væri fjölgað og vagnar betrubættir svo allir geti notið góðs af þeim.

Þótt bílar yrðu færri á vegum landsins eftir uppfærslu strætós væri enn fullt af mengandi fólksbílum. Í mörgum ríkjum heimsins, til dæmis í nokkrum bæjum Englands og Þýskalands, eru eigendur bíla sem menga sektaðir. Einnig er nýbyrjað að sekta fólk á Ítalíu fyrir kaup á bensín- og díselbílum í stað rafmagnsbíla, svokallaður mengunarskattur. Góð hugmynd væri að fá svoleiðis skatt hér á landi og fá þannig fólk til að fjárfesta frekar í rafmagnsbíl í stað hefðbundins bíls. Þá þarf að byggja fleiri hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla um allt land. Auðvitað gætu ekki allir keypt rafmagnsbíl enda er alls ekki ætlast til þess að hægt sé að kveðja bensín- og díselbíla strax.

Við breytingu á almenningssamgöngum og á fólksbílum yrðu loftgæði meiri og hávaðamengun á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum bæjarkjörnum landsins verulega minni.

4)

**Elísabeth Anna Gunnarsdóttir**

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Í dag er ég 16 ára. Fyrir ekki svo mörgum árum síðan lifði ég áhyggjulausu lífi. Ég er vissulega alin upp við það að flokkun á rusli er nauðsynleg umhverfisins vegna, hins vegar hefur vitundarvakningin undanfarna mánuði vakið upp ótta. Ekki bara hjá mér heldur flestum ungmennum og jafnvel líka fullorðnum sem ekki voru meðvitaðir um ástandið.

Öll höfum við gerst sek um að haga okkar lífsháttum á óumhverfisvænan hátt en það er of seint að dvelja í því sem orðið er þó að samviskubitið vissulega nagi mann. Vandamálið er fjölþætt en ég vil beina sjónum okkar að sjávarmengun. Lengi var talið að sjórinn tæki endalaust við úrgangi, en annað hefur komið á daginn. Ýmsar óæskilegar breytingar á vistkerfi sjávar af völdum manna hafa komið í ljós. Allt að 2.500 milljónir lítra af olíu fara í hafið árlega.

Jú, það er vel gert hjá Alþingi að banna svartolíu í íslensku landhelginni frá og með næstu áramótum en nú þurfum við að einbeita okkur að öðru, skaða fiskeldis. Mengun fiskeldis skaðar nú þegar gríðarlega lífríkið í hafinu og gæti útrýmt heilu tegundunum, fækkað fólki sem kemur til landsins í þeim tilgangi að veiða ákveðinn lax og gæti skaðað atvinnutækifæri.

Það verður að grípa til aðgerða gagnvart þessu og það strax því að á örfáum árum geta sjávartegundir útrýmst, villti laxinn sem er einstakur á Íslandi erfðablandast, hætt að vera einstakur og svo margt skelfilegt.

Okkur unga fólkinu finnast þetta óhugnanlegar upplýsingar því að margir hugsa: „Það skiptir engu máli hvað ég geri, ég er bara ein manneskja í þessum stóra heimi.“ En hvað ef 20 milljónir manns hugsa akkúrat svona? Hvað ef þú, þú einn, stæðir frammi fyrir því að bjarga jörðinni? Hvar myndir þú byrja? ... Byrjaðu þar.

5)

**Sturla Jónsson**

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Ég er 16 ára gamall og fyrir aðeins 4 árum hugsaði ég ekkert um kolefnisspor frekar en ábyggilega flestir jafnaldrar mínir. En jafnvel núna eru of margir sem gera sér ekki grein fyrir því hvað mataræði manns hefur mikil áhrif á umhverfið þrátt fyrir miklu meiri þekkingu á málefninu. Grænmetisætur leysa aðeins frá sér þriðjung þeirra gróðurhúsalofttegunda sem meðalmanneskja leysir. Ef allir myndu minnka kjötneyslu um helming þá væru Íslendingar á góðri leið með að uppfylla sínar skyldur í Parísar-sáttmálanum.

Landbúnaður veldur um 13% af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Um 83% af þessari losun skrifast á sauðfjárbú og nautgripabú á meðan grænmetisræktunin skilur eftir sig 2% og alifuglaræktun í kringum 3%. Nýting á matvælum er nauðsynleg til þess að samfélög geti verið sjálfbær og vistvæn. Óbrennt metangas sem jórturdýr leysa frá sér er mun skaðlegra fyrir umhverfið en koltvíoxíð. Ef við leggjum saman matarsóun íslenskra heimila þá hendum við u.þ.b. 4,5 milljarða króna virði af mat á hverju ári. Þrátt fyrir að 75% heimila hafi reynt að

minnka soun síðan árið 2015 þá hefur soun lítið minnkað. Þessi matur er svo urðaður sem leysir metan út í umhverfið.

Það sem Alþingi þarf að gera er að setja viðeigandi löggjöf til að sporna við matarsoun, styðja þarf við íslenska grænmetisbændur, leggja fjármagn í vistvæna nýsköpun og þróa menntun á grunnstigi svo að komandi kynslóðir geti tekist á við það gríðarstóra verkefni sem loftslagsbreytingar eru. Sveitarfélögin þurfa einnig að gera sitt, meðal annars með því að koma upp lífrænum sorptunnum og hætta að urða matvæli. Nýtum matarauðinn og nýtum hann vel.

6)

### **Una Bóel Jónsdóttir**

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Jörðin í hnotskurn er viðkvæm og verðmæt. Það er einungis ein til og enginn tími til að leika sér með hana. Ef hún brotnar þá brotnum við. Hvað er hægt að gera ? Nú, alveg óteljandi hluti.

Flokkun og endurvinnsla er einn af þeim. Ef það á að nýta sér þann möguleika þá þarf að gera það eftir bestu getu. Það þarf að standa undir þeim væntingum sem eru settar fyrir okkur, ekki sveigja frá þeim. Á Íslandi í dag eru flokkunarkerfin ólík og mismunandi eftir því hvar maður er staddur á landinu.

Þorp, bæir og borgir hafa ekki endilega sama kerfið og hefur það áhrif á vilja fólks til að flokka. Mikið streymi fólks er á milli sveita og borga dag hvern og valda þessi mismunandi kerfi ruglingi. Litirnir eru ekki eins og ekki sama hvað fer í hvaða tunnu á hverjum stað. Þarna þarf að betrubæta. Að hafa þetta eins, auðveldar fólki og eykur sjálfvirkni fólks í því að flokka.

Sameina þarf flokkunarkerfi á Íslandi.

Flokkun er nauðsynleg til að geta unnið efni úr úrgangi sem hægt er að endurvinna. Ef það er ekki gert þá er hættu á því að hráefni sem annars gætu farið í endurvinnslu glatist, t.d. með urðun. Það þurfa allir að hjálpast að; íbúar, fyrirtæki, sumarhúsaeigendur, ferðamenn og allir ungir sem aldnir.

Við verðum því að gera betur en við gerum í dag. Hugsid ykkur um áður en þið kaupid hluti sem ekki eru not fyrir og hugsid síðan aftur hvernig hægt er að nýta hluti sem þarf að farga. Við skorum á Alþingi og umhverfissráðherra að hefja vinnu við að samræma flokkunarkerfi á Íslandi.

Flokkið í drasl! Flokkið draslið í drasl!